

# Nautaskrá

VETUR 2019



# NBÍ

# TIL LESENDA

SYEINBJÖRN  
EYJÓLFSSON



## ÁGÆTU NAUTGRIPARÆKTENDUR

Nautaskrá 2019 hefur nú verið gefin út. Nokkuð er síðan að jafn vegleg skrá hefur verið gefin út en nú er stefnt að því að gefa hana út árlega og þá í lok hvers árs. Komi reynd naut til notkunar á öðrum tíma verða þau kynnt sérstaklega á netinu.

Nautaskráin er í bland kynning á reyndum nautum, sem bændum stendur til boða að nýta til kynbóta á búum sínum og fræðslu- og upplýsingarit. All nokkrar breytingar hafa verið gerðar á kynbótastarfinu og handan við hornið eru enn meiri breytingar. Um allar þessar breytingar er fjallað hér í hinum ýmsu greinum og er það trú mín að gildi þessara greina sé bæði mikið og gagnlegt. Nú stendur bændum til boða sæði úr hreinæktuðum AA nautum. Því sæði mun fylgja aukinn kraftur í framleiðslu nautakjöts hér á landi.

Þá hefur skráin einnig töluvert hlutverk sem auglýsinga- og upplýsingarit og hér má finna kynningu á ýmsum þáttum er þjónustuaðilar bjóða bændum.

**AÐ ÞESSU SINNI ERU KYNNT Í SKRÁNNI 15 NAUT. 14 ÞEIRRA HAFU ÁÐUR HLOTIÐ KYNNINGU Í NAUTASKRÁ OG Á NETINU. FIMM ÞEIRRA HAFU EKKI FYRR VERIÐ KYNNT Í NAUTASKRÁ OG FÁ ÞAU HEILA SÍÐU HVERT OG HIN 10 FÁ HÁLFA SÍÐU HVERT.**

Eins og fyrr eru birtar upplýsingar um ætterni og kynbótamat nautanna á myndrænan hátt auk þess sem áfram er birt umsögn um dætrahópa þeirra og litalýsing. Jafnframt þessu er æviferill mæðra nautanna rakinn í stuttu máli. Útlitsdómur þeirra fyrir júgur, spena, mjaltir og skap er birtur auk afurðaeinkunnar og heildareinkunnar.

Þá er að finna skrá um naut sem bíða afkvæmadóms sem og þeirra nauta sem komið hafa til framhaldsnotkunar á síðari árum. Þá er sérstök umfjöllun um Nautís og nautin af AA stofninum sem nú bjóðast bændum. Minnt er á að enn má fá sæði úr eldri árgöngum og gildir það um AA, Limosin og Galloway.

Í síðustu nautaskrá kynntum við til leiks reynd naut úr ýmsum árgöngum en yngstu þeirra voru úr árgangi 2011. Nú eru yngstu nautin úr árgangi 2014, en hann hefur nú allur komið til dóms utan eitt naut.

Úr árgöngum 2012 og 2013 koma nokkur ágæt naut en árgangur 2014 er e.t.v. jafnari og státar ekki af neinum virkilegum toppum. Slíkt er eðlilegt þegar verið er að vinna að kynbótum í litlum stofnum. En almennt má segja að nautin í skránni núna séu traust og líkleg til leiða til áframhaldandi framfara í stofninum.

Nautsfeður eru 5. Einn kemur úr árgangi 2012, tveir úr árgangi 2013 og einn úr árgangi 2014. Enginn þeirra á sama föður, sem er auðvitað ágætt hvað varðar skyldleika í stofninum. Nautsfeður eru Pipar 12007 frá Espihóli í Eyjafjarðarsveit, undan Gylli 03007 frá Dalbæ I, Jörfi 13011 frá Jörfa í Kolbeinsstaðahreppi, undan Birtingi 05043 frá Birtingaholti I, Hálfmáni 13022 frá Brjánsstöðum í Grímsnesi, undan Vindli 05028 frá Ytri-Tjörnum, Ýmir 13051 frá Klauf í Eyjafjarðarsveit, undan Balda 06010 frá Baldursheimi og í lokin Kláus 14031 frá Villingadal í Eyjafjarðarsveit, undan Hjarða 06029 frá Hjarðarfelli.

Frá því í byrjun árs 2017 hefur allt sæði verið fryst í mini stráum, sem taka 0,25 ml, eða helmingi minna en áður. Fjöldi sæðisfruma í hverjum skammti er þó óbreyttur. Frá sama ári höfum við boðið upp á langlíft sæði (SpermVital) og er notkun á því alltaf að aukast. Aðeins er þó munur milli landhluta, hvernig sem á því getur staðið. Í upphafi var rúkað sérstaklega fyrir það sæði en það er ekki gert lengur.

Í sumar sáum við um sæðistöku úr Aberdeen Angus nautum á innflutningsbúi NAUTÍS á Stóra-Ármóti. Sæði náðist úr þremur nautum, Vísi 18400, Draum 18402 og Baldri 18403. Í heild voru teknir um 2.500 skammtar úr nautunum samtals. Þetta sæði stendur nú nautakjötsframleiðendum til boða án sérstaks gjalds.

Allmargir hafa lagt okkur lið við útgáfu skrárinnar. Kann ég þeim öllum bestu þakki, ekki síst Guðmundi Jóhannessyni, sem er faglegur ritstjóri. Eins og áður sá Rósa Björk á Hvanneyri um að setja skrána upp og Snorri Sigurðsson sá um auglýsingasöfnun. Myndir eru að mestu úr safni stöðvarinnar nema forsíðumynd tók Halla Eygló Sveinsdóttir. Öllum þeim einstaklingum sem hér eru nefndir auk auglýsenda sem lögðu útgáfunni lið er þakkað þeirra framlag.

Sambærilegar upplýsingar og í skránni er að finna á [WWW.NAUTASKRA.NET](http://WWW.NAUTASKRA.NET).

## Bætiefni fyrir kýr og kálfa



### Boviferm plus

Jafnar síru- og vökvajafnvægi kálfa með skitu, inniheldur vítamín og steinefni. Hraðar bata eftir skitu. Má einnig gefa fullorðnum gripum.

### Handhægar flöskur

Auðvelt að gefa



### EnergyBooster

Veitir nýbærum orku og vökva eftir burð, ásamt því að jafna vökvabúskapinn. EnergyBooster er duft sem að leysa skal upp í vatni og bjóða nýbærunni innan 15 mínútna eftir burð. Vökvaþörfin er þá mikil og tækifæri til að nýta þá þörf til að færa henni orku og koma henni sem fyrst í hányt.



Kíkið til okkar í kaffi og spjall!

Netverslun  
[www.kb.is](http://www.kb.is)

**Bovisal fjölskyldan**  
Fosfór, kalk og súrdoðavörn. Fljótlegt og þægilegt að gefa. Kalkperlurnar virka í 12klst.

**Calcium Fosfor**  
Inniheldur orku, magnesíum, kalk fosfór, selen og vítamín



Egilsholti 1  
310 Borgarnesi  
Opíð mán-föstud. 8-18,  
laugard. 10-14  
Sími: 430-5500, [www.kb.is](http://www.kb.is)

# Fóður til framtíðar

Landstólpi hefur áratuga hagnýta reynslu í fóðrun nautgripa. Landstólpi leggur ekki aðeins áherslu á heilbrigði og framleiðslu þinna nautgripa, heldur einnig á kostnað. Með breiðu úrvali af fódri getur þú leiðrétt og viðhaldið eðlilegu hlutfalli næringarefna fyrir heilbrigðan búfænað og hámarks afköst.

Við höfum margsinnis á undanförunum árum komið að lausn viðvarandi vandamála tengdum fóðrun og mjólkurgæðum.

Landstólpi vill ekki einungis bjóða upp á besta fódrið og bestu ráðgjöfina, við viljum einnig upplýsa þig, hvetja og kveikja áhuga.



## *Sigurður og Sigríður í Steinsholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi*

“

Við byrjuðum að taka fóður frá Landstólpa júlín 2009 og urðum við fljótt vör við meiri stöðugleika og betra heilsufar en áður.

Nytin hefur aukist til muna síðustu ár og efnainnihald mjólkur haldist gott engu að síður. Kýrnar hér áttu það til að fitna talsvert á seinni hluta mjaltarskeiðs, en það hefur breyst mjög til batnaðar.

Þjónusta Landstólpa hefur verið fullkomlega hnökralaus. Tekið hefur verið vel á öllum vandkvæðum sem komið hafa upp.

”

## *Gunnar og Sigurjörg á Hjarðarfelli, Eyja- og Miklaholtshreppi*

“

Á vormánuðum 2017 hófum við gjöf á fódri frá Landstólpa, eftir það hefur hefur súrdoði varla sést og hjörðin almennt heilbrigð.

Lágt prótein innihald hafði verið viðvarandi vandamál hjá okkur en nú er það komið yfir meðallag og nytin hefur einnig aukist.

Við höfum fengið toppþjónustu og einstakan liðleika. Einstaklega þægilegt t.d. að fá aðrar rekstrarvörur heim með bílnum. Gaman frá því að segja að frá fyrsta degi átu allar kýrnar fódrið með bestu lyst, sem er ekki sjálfgefið frá fyrri reynslu.

”



## *Friðrik og Sigurbjörg á Grund, Svarfaðardal*

“

Við höfum gefið fóður frá Landstólpa í u.þ.b. 3 ár. Kýrnar hafa verið mjög hraustar og sérstaklega lítið borið á krankleika.

Efnainnihald hefur tekið breytingum til hins betra og hefur haldist gott síðan. Áferð er góð og lystugleiki mikill.

Þá er þjónusta Landstólpa til fyrirmyndar í kringum fóðurvíðskiptin.

”



**Getur Landstólpi aðstoðað þig við fóðrunina?  
Ekki hika við að hafa samband við okkur í síma 480-5600.**



Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss  
Sími 480 5600  
Opíð alla virka daga kl. 8 - 17

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
Sími 480 5610  
Opíð alla virka daga kl. 9 - 17

landstolpi.is  
landstolpi@landstolpi.is  
Við erum líka á Fésbóki

# NÝ HEILDAR- EINKUNN

EIGINLEIKI	ELDRI EINKUNN	NÝ HEILDAREINKUNN NAUT	KÝR
Afurðir	44%	36%	36%
Frjósemi	8%	10%	11%
Frumutala	8%	8%	9%
Júgur	8%	10%	11%
Spennar	8%	10%	13%
Mjaltir	8%	8%	10%
Skap	8%	8%	10%
Ending	8%	10%	

**Við síðustu keyrslu á kynbótamati var notuð breytt heildareinkunn samkvæmt ákvörðun fagráðs í nautgiparækt. Sú ákvörðun byggir á niðurstöðum verkefnis um mat á hagrænu vægi eða gildi eiginleika í ræktunarstarfinu.**

**Um nokkra breytingu er að ræða frá eldri einkunn og vegur þar þyngst að vægi afurða lækkar úr 44% í 36%, sjá töflu.**

Önnur stór breyting er að nú er heildareinkunnin tvenns konar, þ.e. ein fyrir naut og önnur fyrir kýr. Nautaeinkunn fá þau naut sem hafa reiknað kynbótamat fyrir endingu sem byggir á lifun dætra þeirra. Með lifun er átt við dagafjölda frá 1. burði til afsetningardags.

Þá er rétt að fram komi að samsetningu afurðaeinkunnarinnar var einnig breytt. Nú er ekki lengur eingöngu horft á prótein-afurðir heldur bæði fitu- og próteinafurðir. Þannig samanstendur afurðaeinkunnin af

47% fituafurðum, 48% próteinafurðum og 5% próteinhlutfalli. Ástæðan fyrir þessari breytingu er einkum og sér í lagi sú staðreynd að verðmæti mjólkurfitu jókst þegar verðhlutföll mjólkur breyttust og farið var að greiða fyrir fitu og prótein í sömu hlutföllum.

Ef horft er til einkunnar nauta þá eykst vægi eða áhersla á frjósemi dætra, júgur- og spennagerð og endingu. Hjá kúnum er áhersla aukin á frjósemi, júgur- og spennagerð, mjaltir og skap.

Þessi breyting hefur nokkur áhrif á kynbóta- eða heildareinkunn einstakra gripa. Þannig lækka þeir gripir í heildareinkunn sem sækja styrk sinn í mikla afurðagetu sem og þeir gripir sem hafa lágt mat fyrir fituhlutfall. Hins vegar hækka þau naut í mati sem hafa hátt mat fyrir frjósemi, júgur, spena og endingu. Hjá kúnum verða svipaðar breytingar nema hvað hátt mat fyrir mjaltir og skap kemur þeim til góða og ending hefur engin áhrif.

Til þess að skoða þetta betur er rétt að taka dæmi um hátt metið naut. Þar getum við skoðað Sjarna 12090 sem lækkar í mati

um ein fjögur stig, fer niður í 111 stig. Þessi breyting á heildareinkunn hefur ekkert með gæði nautsins að gera sem slík. Hann stendur eftir sem áður með sína kosti og galla. Hins vegar hafa vægisbreytingarnar þau áhrif að hann fellur ekki eins vel að ræktunarmarkmiði stofnsins og áður. Þar vegur þyngst lágt mat hans fyrir fituhlutfall í mjólk dætra sem lækkar afurðaeinkunn hans en hún vegur eins og áður þungt í heildarmati. Þá er Sjarmi með neikvætt mat fyrir frjósemi dætra sem vegur þyngra en áður.

Þessar breytingar falla mjög vel að vilja kúabænda sem komið hefur fram, bæði í könnun í tengslum við verkefnið um hagrænt vægi eiginleika og áherslu í þörunaráætlunum. Þar hefur komið skýrt fram að menn vilja minnka áherslu á afurðagetu en auka á aðra mikilvæga eiginleika. Auðvitað er það svo að áhrif þessara breytinga munu ekki koma fram á svipstundu. Þau koma ekki fram að fullu fyrr en þau naut sem verið er að velja í dag skila dætrum og sonum inn í framleiðslu og ræktunarstarfið.


## LÍMTRÉSHÚS

Límtréshús í mörgum stærðum og gerðum. Eigum staðlaðar gerðir á hagstæðum kjörum.




## YLEININGAR

Hágæða yleiningar fyrir vegg og þök úr steinull eða PIR. Þakgluggar, áfellur og allar festingar fást einnig.



## STÁLGRINDARHÚS

Margar stærðir og útfærslur af stálgrindarhúsum. Þjóðum málað eða heitgalvaniserað stál.



www.bkhonnun.is  
sala@bkhonnun.is  
865-9277

**BK HÖNNUN**  
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

# HÝSI

## STYRKURINN FELST Í BOGANUM



BOGAHÚS AF ÖLLUM  
STÆRÐUM OG GERÐUM

FÆRANLEG  
BOGAHÝSI  
MARGAR GERÐIR  
TIL Á LAGER



Hýsi-Merkúr | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík | Sími: 534 6050 | Netfang: [hysi@hysi.is](mailto:hysi@hysi.is)

# ERFDAMENGJA- KYNBÆTUR ÍSLENSKRA KÚA



**Nú eru fyrirliggjandi fyrstu niðurstöður doktorsverkefnis míns við Árósháskóla. Fyrsta rannsóknarverkefnið varðaði skyldleika íslenskra kúa við önnur kyn og innflutning erlendra nautgripa til landsins.**

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á skyldleika íslenskra kúa við norræn kyn, en að blóðflokkanrannsókn frá árinu 1962 frátraldri, hefur skyldleiki íslenskra kúa við bresk kúakyn ekki verið rannsakaður fyrr en nú. Eins og kunnugt er kom nokkur hópur landnámsmanna frá Bretlandseyjum, og þeir gætu hafa tekið nautgripi með sér þaðan. Lítil rannsókn, sem gerð var fyrir tveimur árum benti til þess að íslenskar kýr væru skyldari frönskum eða breskum kúm, frekar en norrænum, en rannsókn mín hefur þó staðfest fyrri niðurstöður um norrænan uppruna íslenskra kúa. Ef landnámsmenn tóku kýr með sér frá Bretlandseyjum hafa þær verið fáar, eða norrænar að uppruna. Íslenskar kýr eru skyldastar hópi norður norrænna kynja og allar líkur eru á að nánustu ættingjar íslenskra kúa séu norskar svartsíðottar Þrænda- og Norðlandskýr (no. Sidet Trønderfe og Nordlandsfe). Þó að íslenskar kýr eigi sína nánustu ættingja í norðurhluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, þá er kynið engu að síður erfðafraðilega afar sérstætt, eftir ellefu hundruð ára einangrun. Þau kúakyn sem eru skyldust íslenskum kúm telja flest einungis örfá hundruð gripi. Íslenska kýrin er eina kynið í hópi norður norrænna kúakynja, sem er viðhaldið sem stórum ræktunarhópi. Framangreindar niðurstöður undirstrika að áframhaldandi varðveisla íslenskra kúa í stórum ræktunarhópi er mikið framlag til varðveislu erfðabreytileika.

Heimildir eru um innflutning á rauðum kúm frá Sjálandi og Holtsetalandi á 19. öld. Það voru líklega kýr af Angler kyni, forverar rauðra danskra kúa, sem voru hánytja og fluttar til ýmissa landa. Ég rannsakaði blöndun í íslenskum kúm, og skemmst er frá því að segja að innflutningur kúa hefur engin markverð áhrif haft á stofninn. Þó eru vísbendingar um innflutning sem engar ritaðar heimildir eru um, frá ýmsum breskum kynjum, frá Jersey-, Guernsey- og Limousinkúm auk rauðra danskra kúa. Sá varnagli skal sleginn, að gögnin eru afar vandtúlkðuð, og erfitt að greina milli áhrifa úrvals, og tilviljanakenndra breytinga á genatíðni, og blöndunar annarra kynja. Því er mögulega um skekkju að ræða en til að fá úr því skorið er frekari rannsókn þörf. Þessi hugsanlegi innflutningur er ekki nýlegur, heldur líklegast að hann hafi átt sér stað á 19. öld eða fyrri hluta 20. aldar, hafi hann átt sér stað. Blöndun Galloway gripa og annarra holdakynja við íslenskar kýr er afar lítil, og er það ánægjulegt.

Engin bygging er í íslenska stofninum. Stofninn er einsleitur að því leyti að það eru engir undirstofnar, og enginn greinanlegur munur á gripum milli landshluta. Nærri hálfir aldar sameiginlegt ræktunarstarf fyrir allt landið, með mikilli þátttöku bænda hefur eytt öllum breytileika milli landshluta, hafi hann verið til staðar. Það er raunar líklegt að flutningur nautgripa milli landshluta verið algengur á Íslandi gegnum aldirnar, og komið í veg fyrir myndun undirstofna. Guðjóns Guðmundsson, fyrsti nautgriparæktarráðunautur á Íslandi, gerði grein fyrir þeirri skoðun sinni í fróðlegri grein hans frá árinu 1908, Nautgriparækt vor og nautgripafélögin. Einsleitni stofnsins kemur sér vel fyrir kynbótaspár á grundvelli erfðamengis. Þó að stofninn sé einsleitur, þá er erfðafjölbreytni engu að síður mikil, og tíðni arfblendni í stofninum bendir ekki til þess að stofninn hafi gengið í gegnum alvarlega flöskuhálsa.

Hvatinn að fjármögnun doktorsverkefnis míns var erfðamengiskynbótamat fyrir íslenskar kýr. Helsti ávinningur erfðamengjaúrvals er að tiltölulega hátt kynbótamat fæst strax við fæðingu kálfs. Þannig er hægt að stytta kynslóðabil verulega. Innleiðing þessa hefur skilað allt að 50-100% aukningu í árlegri erfðaframskrif fyrir afurðaeiginleika, og þreföldum til fjórföldum árlegum erfðaframskrifum fyrir eiginleika með lágt arfgengi í öðrum löndum. Rétt er að benda á að þó að upptaka erfðamengjaúrvals geti aukði erfðaframskrif mikið, þá byggja þær framskrif á góðu skýrsluhaldi og víðtækri þátttöku í ræktunarstarfinu. Þá er það ennþá óljóst hversu mikill ávinningurinn er fyrir íslenska stofninn.

Núna eru fyrirliggjandi næg gögn til að útbúa kynbótamat fyrir íslenskar á grundvelli arfgerðargreininganna, og reikna öryggið á matinu. Öryggið gerir kleift að bera áætlaðar erfðaframskrif með erfðamengjakynbótum, saman við núverandi erfðaframskrif, auk þess að segja til um hversu margar kýr þarf að arfgerðargreina til að ná mestum ávinningi. Þegar öryggi erfðamengjakynbótamats hefur verið metið, hefst hin eiginlega rannsóknarvinna við kynbótamat. Eftir að ég hef gert grein fyrir skyldleika íslenskra kúa við önnur kyn, mun ég nota upplýsingar frá öðrum kynjum við gerð kynbótamats og met áhrif þess á öryggi kynbótamatsins. Vísindalegi hvatinn að þessari rannsókn er einkum að kanna hvort sömu gen, eða sömu stökkbreytingar, hafa áhrif á eiginleika íslenskra kúa, og kúa af öðrum kynjum. Hin langa einangrun íslenskra kúa gerir gögnin afar áhugaverð til að svara þessari spurningu. Það er metnaðarfullt af íslenskum kúabændum að styðja þetta rannsóknarstarf í kynbótafræðum, með fjármögnun doktorsverkefnisins og gagnasöfnuninni. Nú eru fyrstu niðurstöður að birtast og á næstu mánuðum fæst mat á ávinningi af erfðamengjaúrvali fyrir íslenska stofninn. Þetta eru því afar spennandi tímar fyrir íslenska nautgriparækt.

# AFURÐA- ÚTHALD

## Eins og glöggir lesendur Nautaskrárinnar hafa vafalaust tekið eftir hefur nýr eiginleiki bæst við í kynbótamats-töfluna, svokallað prótein-úthald. Hvað er nú það?

Eins og allir kúabændur þekkja hækkar dagsnytt kúa nokkuð hratt eftir burð, nær hámarki á nokkrum vikum og lækkar svo almennt rólega eftir það. Nokkur breytileiki er þó milli kúa á því hvernig þessi ferill er nákvæmlega; hvernig nytin dreifist á mjaltaskeiðið. Þessi breytileiki stafar að stórum hluta af ytri aðstæðum og atburðum, fódrun og aðbúnaði kýrinnar, sjúkdómum og því um líku. Aftur á móti er hluti af breytileikanum vegna arfgerðar kúnna og þar með er hægt að breyta ferlinum með kynbótum. Önnur spurning er svo hvort það er einhver ástæða sé til að gera það skipulega.

Ýmis rök hníga að því að heppilegast sé að mjólkurframleiðsla kúa dreifist sem jafnast yfir mjaltaskeiðið, að mjaltaferillinn sé sem flatastur. Þegar kýr eru í hámarksnytt er álagið á þær alla jafna mest og kýr með flatan mjaltaferil geta skilað meiri mjólk með minni hámarksnytt en þær sem eru með háan topp en halda nytinni illa. Af þessum sökum hafa ræktendur mjólkurkúa víða farið að velta fyrir sér eiginleika sem nefndur er „persistency“ upp á ensku, en hefur verið þýtt sem mjólkurþol eða mjólkurúthald á íslensku. Kýr sem hafa mikið mjólkurúthald eru kýr sem nytin minnkar hægt í þegar líður á mjaltaskeiðið eftir að þær hafa náð hámarksnytt en lítið mjólkurúthald þær sem mjólka hlutfallslega mikið á fyrri hluta mjaltaskeiðs samanborið við seinni hlutann. Burðurinn og fyrstu vikurnar eftir burð eru mesti álagstíminn fyrir mjólkurkýr. Þá er framleiðslan mest, mest um framleiðslusjúkdóma, þær mjólka af sér hold auk þess að eiga að festa fang. Þess vegna getur verið betra að reyna að auka frekar nyt á seinni hluta mjaltaskeiðsins en þeim fyrri. Fódrun er einnig auðveldari á kúm með jafna nyt, þær þurfa ekki eins hátt kjarnfóðurhlutfall þegar nytin er hæst og minni líkur á því að þær fitni á seinni hlutanum ef þær halda nytinni vel. Tengsl mjólkurúthalds við frumutölu hefur verið staðfest í erlendum rannsóknum en niðurstöður þar um eru þó ekki einhlitar.

Einnig hafa jákvæð tengsl við frjósemi fundist í nokkrum rannsóknum.

Nokkrar mismunandi leiðir hafa verið reyndar til að fá eina tölulega stærð fyrir mjólkurúthald. Má þar nefna halla mjaltaferilsins eftir að hámarksnytt er náð, frávik mjaltaferils á mið- og seinni hluta mjaltaskeiðs frá meðalmjaltaferli, hlutfall á milli nytar á mismunandi tímabilum mjaltaskeiðs og uppsafnaða minnkun eða aukningu nytar miðað við ákveðinn dag mjaltaskeiðsins.


Með mældagálikaninu sem hefur verið notað við kynbótamatið síðustu misseri fæst kynbótamat fyrir hvern dag mjaltaskeiðsins frá degi 5 til dags 305 eftir burð. Út frá því er hægt að meta kynbótamat fyrir mjólkurþol og það hefur verið gert. Mælikvarði sem er notaður hérna er uppsöfnuð afurðamínkunn frá degi 100 til dags 280 eftir burð. Þannig er munurinn á kynbótamati hvers dags frá degi 101 til 280 dregið frá matinu fyrir dag 100 og allar tölurnar sem úr því koma lagðar saman. Ef þessi stærð er stór er afurðauðhaldið lélegt, nytin er á mikilli niðurleið á þessum tíma. Þar sem kynbótamat er reiknað fyrir próteinafurðir, fituafurðir auk mjólkurmagns fæst mælikvarði á fituúthald og próteinúthald auk mjólkurúthaldsins. Allar þessar þrjár einkunnur er hægt á sjá á huppa.is en próteinúthaldið er birt víðar, m.a. hér í Nautaskránni. Eðli málsins samkvæmt eru þessar einkunnir almennt svipaðar þar sem efnamagnid byggir á mjólkurmælingunum. Einhver munur getur þó verið vegna þess að efnahlutfallið breytist líka eftir tíma mjaltaskeiðsins.

Það sem vitað er um afurðauðhald íslenskra kúa er helst það að eiginleikinn er arfgengur, með arfgengi nærri 0,2. Einnig hefur erfðafylgni eiginleikans við frumutölu verið metin og bendir það til að tengsl séu þar á milli þó þau séu ekki mikil, erfðafylgni nærri -0,1. Það þýðir að betra úthaldi fylgir lægri frumutala í samanburði við kýr sem mjólka álíka mikið en með verra úthald. Miðað við það er hagur af því að reyna að bæta afurðauðhaldið. Aftur á móti verður að hafa í huga að kýr sem halda seint eða ekki mælast með betra afurðauðhald heldur en þær sem halda strax. Sé ekki leiðrétt fyrir því er því hætt á að val fyrir bættu úthaldi leiði til versnandi frjósemi. Því megum við illa við. Leiðréttingar



afurðakynbótamatsins fyrir meðgöngu væru mjög til bóta upp á þetta en verður því miður ekki komið við alveg strax.

Þó að afurðauðhald og erfðabættir þess hafi víða verið skoðaðir í mjólkurkúakynjum hefur yfirleitt ekki verið farið út í að velja fyrir því sérstaklega. Bætt fódrun og kynbætur fyrir meiri afurðagetu hafa leitt til betra úthalds og þá varla ástæða til þess að velja fyrir því sérstaklega.



Meðaltal daglegra próteinafurða á fyrsta mjaltaskeiði árin 2006-2007 annars vegar og 2015-2016 hins vegar. Afurðaaukningin verður síst í upphafi mjaltaskeiðsins.

Meðfylgjandi línurit sýnir meðaltal daglegra próteinafurða á fyrsta mjaltaskeiði annars vegar árin 2006-2007 og hins vegar 2015-2016. Á þessum tíma hafa afurðir aukist allnokkuð sem sést á því að yngri línán er að jafnaði nokkru ofar en sú eldri. Afurðaaukningin er aftur á móti ekki jafndreifð yfir mjaltaskeiðið, mestur munur er á mið- og seinni hluta mjaltaskeiðsins en línurnar falla nokkuð vel saman fyrsta mánuðinn eftir burð. Þannig hefur afurðauðhaldið batnað án þess að sérstaklega hafi verið farið í aðgerðir til þess. Þarna koma trúlega til bæði til aðbúnaður og fódrun kúnna sem og þær erfðafarir sem hafa orðið með tilliti til próteinafurða á þessum tíma.

Þó að kynbótamat fyrir afurðauðhald sé ekki notað beint í kynbótastarfinu, í það minnsta ekki í bili, koma þar fram upplýsingar sem gott er fyrir ræktendur að kynna sér, ef ekki til gagns þá að minnsta kosti áhugasömum til einhvers gamans.

# NAUT MEÐ HÆSTA KYNBÓTAMAT FYRIR EINSTAKA EIGINLEIKA

Mikilvægt er að vanda val á nauti þegar kýr er sædd. Reynd naut notast fyrst og fremst til þess að rækta úrvalsgripi eða til þess að reyna að vega upp galla einstakra gripa.

Hér á síðunni er birt stutt yfirlit yfir það hvaða naut standa hæst í kynbótamati fyrir einstaka eiginleika. Um er að ræða naut fædd 1998 til og með 2014 þannig að hér er um að ræða þau naut sem eru í notkun nú og undanfarin ár. Þetta eru því feður verulegs hluta kúastofnsins og þau naut sem standa til boða til þörunar.

Birt eru 4 efstu naut fyrir hvern eiginleika nema því aðeins að um væri að ræða naut sem væru jöfn í 5. sæti. Þessar töflur geta hjálpað til við að velja naut ef menn eru að leita eftir sérstökum eiginleika. Einnig er þetta til gamans gert fyrir þá sem hafa ánægju af því að grúska í tölum yfir nautin.

Við minnum jafnframt á að þó stundum sé verið að leita eftir ákveðnum eiginleikum eru það þó þau naut sem hafa hæsta heildareinkunn sem teljast öflugustu kynbótagripirnir ef horft til þeirra markmiða sem sett hafa verið í ræktunarstarfinu.

HEILDAREINKUNN		
Bambi	08049	116
Bakkus	12001	113
Birtingur	05043	112
Hálfmáni	13022	112
Baldi	06010	111
Jörfi	13011	111
Sjarmi	12090	111
Úlli	10089	111

MJÓLKURMAGN		
Kláus	14031	138
Vals	14087	134
Stáli	14050	134
Brjánn	14002	131
Þytur	09078	130

PRÓTEIN %		
Lúður	10067	128
Gandálfur	12081	125
Trompás	14070	125
Slagur	14082	124

PRÓTEINÚTHALD		
Þytur	09078	144
Þvali	10008	141
Muni	10018	137
Brúnó	09088	131
Skrámur	12023	131

FRUMUTALA		
Hjarði	06029	130
Röskur	05039	129
Ýmir	13051	128
Tandri	11068	127
Straumur	13082	125

MJALTIR		
Bambi	08049	130
Úranus	10081	129
Úi	96016	129
Klettur	08030	124

JÚGUR		
Jörfi	13011	133
Viðkunnur	06034	133
Móral	13079	133
Alex	14024	130

FITU %		
Trölli	98023	125
Hlekkur	02036	125
Pipar	12007	124
Herkúles	05031	123
Kóral	14020	123
Umbi	98036	123

AFURÐIR		
Steri	13057	127
Eitill	12022	126
Gimsteinn	13028	123
Karri	06007	123

FRJÓSEMI		
Tjarni	00039	144
Völustakkur	01026	141
Ljómi	00040	139
Selás	89015	137

GÆÐARÖÐ		
Úranus	10081	135
Bambi	08049	127
Þytur	09078	127
Birtingur	05043	122
Andvari	87014	122

SKAP		
Stokkur	01035	131
Hálfmáni	13022	128
Bárður	13027	128
Bambi	08049	127

SPENAR		
Polki	12099	125
Lás	00045	124
Glanni	98026	123
Koli	06003	120





# Heypyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun en við fjármögnum hins vegar heypyrlur.

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

.....  
Kynntu þér möguleikana á [ergo.is](http://ergo.is)

# BAKKUS 12001

201216671611023

TILKYNNNA  
KÁLFA



Rauðkollhuppóttur, sokkóttur með stjörnu, kollóttur.

**F Ófeigur 02016**  
200215241910016

**M Mæja 727**  
200816671610727

**FF Völsungur 94006**  
199415348010006

**MF Frami 05034**  
20051464861024

**FM Björk 284, Þríhyrningi**  
199515241910284

**MM Rauðskinna 477**  
200316671610477

FÆDDUR: 8. janúar 2012

RÆKTANDI: Auðsholtsbúið ehf., Auðsholti, Hrunamannahreppi

## KYNNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								111
Fita (%)								98
Prótein (%)								105
Afurðir								118
Próteinúthald								114
Frjósemi								122
Frumutala								87
Gæðaröð								118
Skrokkur								104
-Boldýpt								115
-Útlögur								110
Júgur								102
-Festa								105
-Band								107
-Dýpt								98
Spenar								104
-Lengd								93
-Þykkt								61
-Staða								86
Ending								116
Mjaltir								116
Skap								123
Heildareinkunn								113

Stórar kýr með mikla afurðagetu | Meðalgóð júgurgerð, grannir og nokkuð gleitt settir spenar | Góðar mjaltir og úrvalsgott skap

# PIPAR 12007

201215258710852

NÝR  
NAUTS  
FADIR



Rauðbröndóttur, kollóttur.

**F Gyllir 03007**  
200316673510007

**M 759**  
200915258710759

**FF Seifur 95001**  
199513601110001

**MF Flói 02029**  
200216622810029

**FM Flugla 254, Dalbæ**  
199716673510254

**MM 671**  
200615258710671

FÆDDUR 21. janúar 2012

RÆKTANDI: Félagsbúið, Espihóli, Eyjafirði

## KYNNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								106
Fita (%)								124
Prótein (%)								117
Afurðir								117
Próteinúthald								105
Frjósemi								89
Frumutala								106
Gæðaröð								100
Skrokkur								105
-Boldýpt								125
-Útlögur								114
Júgur								112
-Festa								113
-Band								119
-Dýpt								109
Spenar								115
-Lengd								106
-Þykkt								94
-Staða								129
Ending								97
Mjaltir								112
Skap								96
Heildareinkunn								109

Mjög há efnahlutföll | Úrvalsgóð júgurgerð og vel settir spenar | Mjaltir góðar og skap í meðallagi



# Íslenskt fóður - íslenskar afurðir.

Við höfum val og við eigum samleið.

Val um að standa saman um innlenda framleiðslu frá fóðri til fæðu.

Íslenskir bændur eru stoltir af afurðum sínum og það er Fóðurblandan líka.

Eitthvert mikilvægasta atriðið í búrekstri er fóðrið.

Það er grundvallaratriði fyrir bændur að nota fóður sem er sérstaklega þróað fyrir íslenskan bústofn og tekur mið af heimafengnu fóðri bænda.

Vinum saman - veljum íslenskt fóður.



**FÓÐURBLANDAN**

...gæði í hverri gjöf!

# LOKI 12071

201213624510689

FÆDDUR: 19. október 2012  
RÆKTENDUR: Ásthildur og Birgir, Bakka, Kjalarnesi



Dökkkolsokkóttur, smáhúppóttur m/lauf í enni, kollóttur.

F **Birtingur 05043** 200516672511229  
 FF **Stígur 97010** 199716626810010  
 FM **Skjalda 428, Birtingah. 1** 200216672510428  
 M **Huppa 356** 200812565610356  
 MF **Pröstur 00037** 200016634210037  
 MM **Framtíð 225** 20031256561022

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								109
Fita (%)								99
Prótein (%)								106
Afurðir								111
Próteinúthald								105
Frjósemi								100
Frumutala								90
Gæðaröð								97
Skrokkur								105
-Boldýpt								100
-Útlögur								100
Júgur								112
-Festa								115
-Band								107
-Dýpt								112
Spenar								109
-Lengd								94
-Þykkt								96
-Staða								123
Ending								113
Mjaltir								111
Skap								95
Heildareinkunn								107

Mjólkurlagnar kýr | Úrvalsgóð júgur- og spenagerð | Góðar mjaltir og skap í tæpu meðallagi

# SJARMÍ 12090

201216676710763

FÆDDUR 16. desember 2012  
RÆKTANDI Ólafur Stefánsson, Hrepphólum, Hrunamannahreppi

TILKYNNNA  
KÁLFA



Rauðbröndóttur, kollóttur.

F **Koli 06003** 200616683110279  
 FF **Fontur 98027** 199816762910027  
 FM **Elsa 226, Sólheimum** 200116683110226  
 M **Baula 474** 200716676710474  
 MF **Laski 00010** 200016673510010  
 MM **Gýgja 368** 200516676710368

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								120
Fita (%)								88
Prótein (%)								101
Afurðir								117
Próteinúthald								91
Frjósemi								87
Frumutala								116
Gæðaröð								116
Skrokkur								105
-Boldýpt								94
-Útlögur								101
Júgur								107
-Festa								107
-Band								110
-Dýpt								106
Spenar								113
-Lengd								112
-Þykkt								90
-Staða								115
Ending								117
Mjaltir								109
Skap								109
Heildareinkunn								111

Mjólkurlagnar kýr, fituhlutfall undir meðallagi | Úrvalsgóð júgurgerð | Góðar mjaltir og gott skap

# DÚETT 12097

201216633010703

FÆDDUR: 27. desember 2012

RÆKTENDUR: Einar og Elín, Egilsstaðakoti, Flóa



Rauðkolskjöldóttur, kollóttur

F **Birtingur 05043** 200516672511229  
 FF **Stígur 97010** 199716626810010  
 FM **Skjalda 428, Birtingah. 1** 200216672510428

M **Dúlla 593** 201016633010593  
 MF **Dúllari 07024** 200715284210239  
 MM **Sverta 386** 200416633010386

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								107
Fita (%)								114
Prótein (%)								115
Afurðir								117
Próteinúthald								81
Frjósemi								92
Frumutala								93
Gæðaröð								102
Skrokkur								99
-Boldýpt								85
-Útlögur								90
Júgur								103
-Festa								103
-Band								88
-Dýpt								108
Spenar								101
-Lengd								91
-Þykkt								100
-Staða								109
Ending								109
Mjaltir								110
Skap								96
Heildareinkunn								107

Há efnahlutföll | Júgurgerð um meðallag – góð spenagerð | Góðar mjaltir og skap um meðallag

# JÖRFI 13011

20131360661364

FÆDDUR 5. febrúar 2013

RÆKTANDI: Jörfabúið sf., Jörfa, Borgarbyggð



Brandskjöldóttur, kollóttur.

NAUTS  
FADIR

F **Birtingur 05043** 200516672511229  
 FF **Stígur 97010** 199716626810010  
 FM **Skjalda 428, Birtingah. 1** 200216672510428

M **Gústa 643** 200916622810643  
 MF **Skurður 02012** 200216381010012  
 MM **Þvara 500, Brúnastöðum** 200716622810500

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								100
Fita (%)								120
Prótein (%)								111
Afurðir								111
Próteinúthald								98
Frjósemi								102
Frumutala								107
Gæðaröð								102
Skrokkur								108
-Boldýpt								86
-Útlögur								95
Júgur								133
-Festa								133
-Band								131
-Dýpt								134
Spenar								107
-Lengd								100
-Þykkt								95
-Staða								114
Ending								119
Mjaltir								103
Skap								104
Heildareinkunn								111

Há efnahlutföll | Frábær júgurgerð og vel settir spenar | Mjaltir og skap í góðu meðallagi

# HÁLFMÁNI 13022

201316823310277

FÆDDUR: 1. mars 2013

RÆKTANDI: Sveinn Hjartarson, Brjánsstöðum, Grímsnesi

NAUTS  
FADIR



Ljósrauðkollhuppóttur með hvítt í enni, kollóttur.

<b>F</b> <b>Vindill 05028</b> 200515283510627	<b>M</b> <b>Gríma 468</b> 200716548810468
<b>FF</b> <b>Stígur 97010</b> 199716626810010	<b>MF</b> <b>Laski 00010</b> 200016673510010
<b>FM</b> <b>Kúba 544, Ytri-Tjörnum</b> 200215283510544	<b>MM</b> <b>Snara 416, Hólshúsum</b> 200516548810416

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								117
Fita (%)								119
Prótein (%)								108
Afurðir								119
Próteinúthald								87
Frjósemi								95
Frumutala								100
Gæðaröð								111
Skrokkur								99
-Boldýpt								84
-Útlögur								94
Júgur								106
-Festa								102
-Band								100
-Dýpt								110
Spenar								113
-Lengd								118
-Þykkt								100
-Staða								120
Ending								106
Mjaltir								113
Skap								128
Heildareinkunn								112

Mikil mjólkurlagni og há efnahlutföll | Júgurgerð um meðallag | Góðar mjaltir og mjög gott skap

# BÁRÐUR 13027

201315284210294

FÆDDUR 21. mars 2013

RÆKTENDUR: Árni og Guðrún, Villingadal, Eyjafirði.



Rauðhuppóttur, sokkóttur með stórt lauf í enni, kollóttur.

<b>F</b> <b>Baldi 06010</b> 200615229810327	<b>M</b> <b>Klaufa 248</b> 200815284210248
<b>FF</b> <b>Stígur 97010</b> 199716626810010	<b>MF</b> <b>Laski 00010</b> 200016673510010
<b>FM</b> <b>Doppulína 221, Baldursheimi</b> 199515229810221	<b>MM</b> <b>Huppa 208</b> 200215284210208

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								103
Fita (%)								114
Prótein (%)								107
Afurðir								107
Próteinúthald								88
Frjósemi								95
Frumutala								98
Gæðaröð								115
Skrokkur								102
-Boldýpt								106
-Útlögur								110
Júgur								117
-Festa								123
-Band								98
-Dýpt								118
Spenar								106
-Lengd								90
-Þykkt								97
-Staða								119
Ending								109
Mjaltir								102
Skap								128
Heildareinkunn								107

Mjólkurlagni og há efnahlutföll | Úrvalsgöð júgurgerð | Úrvalsgott skap

# Yea-Mix Iceland

VILOFOSS

Bætiefnablanda með lifandi geri fyrir nautgripi



**Yea-Mix Iceland** er bætiefnablanda sem er sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður. Hún inniheldur lifandi ger sem hefur góð áhrif á örveruflóruna í vömbinni og hjálpar þannig að bæta vambarheilbrigði og fóðurnýtingu.



*Ávinningur þess að gefa lifandi ger með fódri!*

EYKUR MYNDUN ÖRVERA!

AUKINN MELTANLEIKI TRÉNIS!

STÖÐUGRA pH!

AUKIN NÝTING Á STERKJU!

LÆGRI FRUMUTALA!

LÆKKAR AMMÓNÍAK!

BÆTT FÓÐURNÝTING!

HÆKKAR AAT!

AUKIN NYT!

Sláturfélag Suðurlands svf | 575-6070 | Fossháls 1, 110 Reykjavík  
[www.buvorur.is](http://www.buvorur.is) - [buvorur@ss.is](mailto:buvorur@ss.is)



# ÝMIR 13051

201315267810910

FÆDDUR: 11. júlí 2013  
RÆKTENDUR: Ingibjörg og Hermann, Klauf, Eyjafirði

NÝR  
NAUTS  
FADIR



Brandhuppóttur, smáhvítt í enni og hala, kollóttur.

F **Baldi 06010**  
200615229810327

FF **Stígur 97010**  
199716626810010

FM **Doppulína 221**,  
Baldursheimi  
199515229810221

M **Slóð 692**  
200715267810692

MF **Laski 00010**  
200016673510010

MM **Rás 562**  
200415267810562

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								117
Fita (%)								93
Prótein (%)								82
Afurðir								99
Próteinúthald								96
Frjósemi								96
Frumutala								128
Gæðaröð								115
Skrokkur								105
-Boldýpt								90
-Útlögur								90
Júgur								127
-Festa								131
-Band								110
-Dýpt								129
Spenar								117
-Lengd								110
-Þykkt								100
-Staða								135
Ending								110
Mjaltir								115
Skap								122
Heildareinkunn								110

Mikil mjólkurlagni en lág prótein% | Frábær júgurgerð | Mjög góðar mjaltir og skap

# STERI 13057

201316381010984

FÆDDUR 18. ágúst 2013  
RÆKTANDI: Merkurbúið sf., Stóru-Mörk, Eyjafjöllum



Svartur, kollóttur.

TILKYNNA  
KÁLFA

F **Koli 06003**  
200616683110279

FF **Fontur 98027**  
199816762910027

FM **Elsa 226, Sólheimum**  
200116683110226

M **731**  
201016381010731

MF **Aðall 02039**  
200215392310039

MM **Mána 483**  
200616381010483

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								119
Fita (%)								112
Prótein (%)								109
Afurðir								127
Próteinúthald								83
Frjósemi								111
Frumutala								101
Gæðaröð								100
Skrokkur								106
-Boldýpt								107
-Útlögur								110
Júgur								94
-Festa								95
-Band								119
-Dýpt								85
Spenar								101
-Lengd								104
-Þykkt								93
-Staða								93
Ending								110
Mjaltir								88
Skap								101
Heildareinkunn								110

Gríðarleg afurðageta | Meðalgóð júgurgerð – góð spenagerð | Mjaltir undir meðallagi en gott skap



**BÁSAMOTTUR**

Við bjóðum sérsniðnar gúmmimottur í ýmsum gerðum fyrir allar gerðir gripahúsa.

Flestir eru sammála að steipt undirlag er ekki náttúrulegt fyrir kýr og getur valdið því að þeim líði illa og framleiði þar af leiðandi minna magn af mjólk.

Motturnar eru sérskornar fyrir hvert verkefni fyrir sig og fer því nánast ekkert til spillis auk þess sem fljótlegt er að leggja þær á gólfíð.

**DOBRŮ**



**EasySwing®**

Easy Swing gripaburstar fyrir velferð dýranna

Í samstarfi við Finneasy í Finnlandi býður BYKO nú upp á Easy Swing gripabursta af ýmsum stærðum án mótorá. Burstarnir henta gripum allt frá ungum kálfum upp í fullorðin naut. Burstarnir eru smíðaðir með mikið álag í huga. Easy Swing gripaburstarnir eru auðveldir í uppsetningu og kosta mun minna en rafmagnsdrifnir kúaburstar.



**FJÓSAINNRETTINGAR**



DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsníðnar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímajósa.



**MÆNISGLUGGAR**

Náttúrulegt ljós og góð loftræsting er öllum dýrum nauðsynleg.

JFC mænisgluggar eru hannaðir til að sameina þetta tvennt. Gluggarnir eru sérsníðaðir í þeim stærðum sem henta best fyrir hvert gripahús.

Hönnun burðargrindarinnar sem er úr áli tekur mið af háþyrkingun ljósflæðis í gegnum gagnsætt óbrjótanlegt plast án þess að það komi niður á styrkleika gluggans.

Stíllanleg spjöld á báðum hliðum gluggans gefur möguleika á að stýra loftflæði að vild í gegnum gripahúsið.



**GÓLF Í GRIPAHÚS**



**50 ÁRA REYNSLA**

SWAANSBETON hefur í meira en hálföld verið leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahúsum.

Gólfin frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.




**NAUTGRIPIR, SVÍN OG SAUÐFÉ**

**YLEININGAR**

Yleiningar eru léttar stál-klæddar samlokueiningar sem fást með þéttifrauðs- eða steinullarkjarna.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir. Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjálæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.



# HÆLL 14008

201416656910620



Brandhuppöttur, leistóttur, kollóttur.

FÆDDUR: 18. febrúar 2014

RÆKTANDI: Sigurður Steinþórsson, Hæli 1, Eystrihrepp (Gnúp.)

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								107
Fita (%)								114
Prótein (%)								116
Afurðir								102
Próteinúthald								93
Frjósemi								108
Frumutala								103
Gæðaröð								99
Skrokkur								99
-Boldýpt								104
-Útlögur								104
Júgur								129
-Festa								125
-Band								120
-Dýpt								135
Spenar								117
-Lengd								106
-Þykkt								79
-Staða								122
Ending								102
Mjaltir								103
Skap								103
Heildareinkunn								107

**Kambur 06022**  
200616682810280

**Fontur 98027**  
199816762910027

**Kola 188, Skollagróf**  
200216682810188

**Skýla 474**  
200716656910474

**Hræsingur 98046**  
199816516710046

**Svunta 398**  
200316656910398

## MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MED  
MJALTAATHUGUN: **74**  
LEKAR **4%**  
MJÓLKAST SEINT **5%**  
SELJA ILLA **1%**  
MISMJÓLKAST **1%**  
SKAPGALLAÐAR **10%**

ALGENGASTI GRUNNLITUR:

**Rauðir/bröndóttir**

EINLITAR/TVÍLITAR:

**41/59%**

ALGENGASTI TVÍLITUR:

**Skjöldóttur**

GRÁIR LITUR: **Já**  
HYRND AFKVÆMI: **Nei**

## LÝSING/DÆTUR

Dætur Hæls eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru fremur stórar kýr, í góðu meðallagi háfættar, boldjúpar og útlögumiklar meðaðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurfasta mikil og júgrin vel borin með sérlega áberandi júgurband. Spenar eru vel gerðir og vel settir en grannir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og skapið um meðallag

## UM MÓÐUR:

Skýla 474, fædd í ágúst 2007 á Hæli 1 í Eystrihrepp (Gnúp.). Rauðhuppótt, kollótt. Fargað í janúar 2017. Bar fyrst í október 2009 og fimm sinnum eftir það, síðast í ágúst 2015. Hélt nokkuð reglulegum burðartíma þar til við síðasta burð. Skráðar æviafurðir eru 44.564 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 8.403 kg (2014) með fituhlutfall 3,81% og próteinhlutfall 3,29%.

## ÚTLITSDÓMUR

**86 stig**

KYNBÓTAEINKUNN

**101**

AFURÐIR

**98**

**Há efnahlutföll | Úrvalsgóð júgurgerð | Grannir spenar**

# MJÓLKURTANKAR FRÁ RÖKA



## Silótankar

**3.000L – 40.000L.**

Magnstýrð ræsing á kælivélum.

Henta einstaklega vel fyrir sjálfvirkar mjaltir, og þar sem ófyrirséð framleiðsluaukning verður næstu ár.

Silótankarnir eru staðsettir utandyra, sem er sparnaður í byggingu.



Hefðbundnir liggjandi tankar í stærðum **1.000L – 30.000L.**

Fáanlegir í mismunandi útfærslum varðandi breidd, hæð og lengd.

Áratuga reynsla í meðhöndlun mjólkurtanka og faglegri ráðgjöf þar að lútandi.

Allir Røka tankar eru með alsjálfvirku þvottakerfi miðað við nútíma þarfir, og tengjast auðveldlega mjaltapjónum. Røka mjólkurtankar hafa verið tengdir hjá fimmta hverjum mjólkurframleiðanda á Íslandi.

expert  
kæling

Sími: 660 2971

Netfang: [www.expert.is](http://www.expert.is)

[sigurdur@expert.is](mailto:sigurdur@expert.is)

# HNYKKUR 14029

201415250010752



Hnykkur 14029. Kolgráskjöldóttur, kollóttur.

FÆDDUR: 19. apríl 2014

RÆKTANDI: Félagsbúið, Hlöðum, Hörgársveit

## KYNBÓTAMAT

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjólk (kg)								124
Fita (%)								105
Prótein (%)								105
Afurðir								105
Próteinúthald								79
Frjósemi								104
Frumutala								113
Gæðaröð								94
Skrokkur								104
-Boldýpt								72
-Útlögur								63
Júgur								123
-Festa								117
-Band								102
-Dýpt								133
Spenar								103
-Lengd								92
-Þykkt								77
-Staða								96
Ending								100
